

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

---

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977,  
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 28,45 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 64,74 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
- c. Vatnsgjald kr. 4,09 pr. m<sup>3</sup>.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íhúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 67,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

---

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231 26. maí 1977,  
með síðari breytingum.

5. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 857,00 á ári fyrir hvert hús.
- b) Vatnsgjald kr. 3,70 á ári pr. m<sup>3</sup>. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og véla-

geymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum. Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:  
Hús allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 5 854,00.

Hús 400—2000 m<sup>3</sup> kr. 5 854,00 fyrir 400 m<sup>3</sup> og kr. 5,05 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m<sup>3</sup> kr. 13 639,00 fyrir 2000 m<sup>3</sup> og kr. 4,05 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaiki er kr. 774,00.

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 58,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella nr. 460  
1. nóvember 1979.

4. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 229,50 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 7,97 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Á gjöld þessi leggjast skattar samkvæmt reglum á hverjum tíma.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Í 7. gr. breytast eftirtaldar stærðir:

a liður:

Fa verður 9 485,00.

Ba verður 9,86/m<sup>3</sup>.

b liður:

Fb verður 11 880,00.

Bb verður 13,90/m<sup>3</sup>.